

**Fundargerð stjórnar BÍS 06/2016, miðvikudaginn 16. mars 2016 kl. 20:00  
í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.**

## **Mættir:**

Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri. Bragi Björnsson skátahöfðingi kom undir lok fundar.

**Gestir:** Raketl Yr Sigurðardóttir, var undir lið 5a.

## **Dagskrá:**

- 1) Setning:** Fríður Finna Sigurðardóttir bauð stjórnarmenn velkomna og setti fundinn.
- 2) Nýir stjórnarmenn:** Heiður Dögg Sigmarsdóttir er boðin velkomin sem formlegur stjórnarmaður og Berglind Lilja Björnsdóttir og Sonja Kjartansdóttir eru einnig boðnar velkomnar í stjórn.
- 3) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.**
- 4) Yfirlit stjórnarmanna – tekið sem niðurstöður úr vinnuhópum frá síðasta Skátapiingi.**
- 5) Meginviðfangsefni 1:**
  - a. Landsmót 2016. RÝS kynnti stöðu mála hjá Landsmóti skáta. Þátttökutölur eru aðeins undir markmiði og skýrist sú staða endanlega eftir páska. Undirbúningur almennt gengur vel en erfitt er að fá heildarstöðu yfir verkefnið og sömuleiðis yfir fjárhagsáætlun. HS upplýsti stjórnarmenn að það stæði til að fara yfir fjárhagsáætlun á næsta fundi mótsstjórnar. RÝS var ósátt með upplýsingaflæði og samskipti við Skátamiðstöðina og fannst lítil sem enginn stuðningur koma þaðan. HS var falið að gera viðeigandi ráðstafanir þannig að mótsstjórn fengi þann stuðning sem þau ættu skilið og myndi kynna fyrir stjórn BÍS aðgerðaráætlun á næsta fundi. Stjórn BÍS þakkaði mótsstjórn Landsmóts skáta fyrir góðan undirbúning og óskaði þeim velfarnaðar í framhaldinu.
- 6) Meginviðfangsefni 2:**
  - a. Sjálfsmatskerfið – frestað til næsta fundar.
  - b. Skátapiing – endurmat. Sjá punkta hér neðar.
- 7) Mál til kynningar – engin mál.**
- 8) Mál til bókunar**
  - a. **Erindi frá WSM.** Athuga með bandbreidd og dreifingu innan svæðisins. Athuga með að Úlfjótsvatn geri þetta og við myndum styrkja þá sem þessu nemur.
  - b. **Run to the fun** skýrsla liggur á sharepoint.
- 9) Önnur mál**

- a. **Grunngildi og breytingar v/athugasemdar WOSM á** og JPG sjá um að svara bréfinu og undirbúa málið í vinnuhóp og gefa til kynna að þetta geti tekið nokkurn tíma.
- b. **Starfsmannamál.** Bergþóra Sveinsdóttir hefur verið ráðin til starfa sem upplýsingafulltrúi, hóf störf 16. mars. **Fjármálastjóri** Páll Árnason hefur verið ráðinn í hlutastarf og hefur störf 1. apríl. Sonju Kjartansdóttur eru þökkuð vel unnin störf.
- c. **Young Spokesman námskeið á vegum WOSM Evrópu.** Þjálfar ungt fólk í að koma fram á vegum hreyfingarinnar. Verður haldið í apríl 2017, tekur ca. 4 daga. Sjá fylgiskjal. WOSM Evrópa sér um pappírsvinnuna en sótt er um styrk til íslensku skrifstofunnar. Samþykkt að halda þetta og sækja um styrk til Erasmus+.
- d. **Sumardagurinn fyrsti.** Ákveða hvað á að gera og hver á að gera hvað. Fulltrúi frá SSR, Skátakórnum og BÍS sáu um þetta í fyrra. Skátamessa var í Hallgrímskirkju með hefðbundnum hætti. Spurning hvað við viljum gera núna. SSR hefur tekið verkefnið að sér. Ákveðið að Sonja, formaður fjármálaráðs, verði tengiliður. Nemendur í HR höfðu samband við Braga skátahöfðingja og eru að vinna verkefni sem heitir „Fagnið“ og miðar að því að koma með hugmyndir að því hvernig fjölskyldan geti fagnað saman á sumardegnum fyrsta. Þetta mun styrkja ímynd skátanna og verkefnið fær undirheimasíðu hjá okkur. Áhugavert verkefni og gaman að heyra af því og taka þátt.
- e. **Allir kvittuðu undir sakavottorð og drengskaparvottorð.**

Fleira ekki rætt. Næsti fundur verður 30. mars kl. 17:30.  
Fundargerð kl. 20:10. Fundargerð ritaði SÁ.

## Skátaþing – umræðuhópar – gróf samantekt 16.03.16

### Alþjóðaráð:

1. Alþjóðaráð mætti auglýsa betur verkefni, mót, ráðstefnur og heimsóknir. Facebook, FAQ, fréttabréf alþjóðaráðs o.s.frv. Hvar er alþjóðaráðshelgin (eða einn dagur)? = Kynna starf ráðsins, hjálpa fólki að sækja um, fá að hitta aðra sem hafa farið og geta miðlað reynslu. Fara í félögin og kynna alþjóðaráðið: „Eruð þið að hugsa um utanlandsferð? Fáðu okkur í heimsókn“.
2. Skilgreina betur standard reglur um hvað þú þarft að uppfylla til að komast út og taka þátt
3. Tékka af hverju sum félög senda ekki fólk á erlenda viðburði
4. Þjóða upp á eins mörg mót og viðburði og mögulegt er, auglýsa fleiri verkefni
5. Fá Íslendinga til að taka á móti erlendum skátahópum
6. Setja upp Big-Ben ferð (18+ í ferð til London, skoðunarferð og skoða m.a. Gilwell park)
7. Gera hluti sjálf! Skapa verkefni fyrir fólk og ýta þeim í að gera/fara sjálf

### Dagskráráð

Almenn kynning á starfi ráðsins og því sem ráðið vinnur að: forsetamerki, vegabréf, vasabók vs. vinnubók, grunnstoðir, óskað eftir meiri upplýsingum um hvatakerfið. Beðið um viðburði fyrir norðan, austan og Suðurlandi: hópur rekka- og róverskáta sem vilja komast í samband við aðra á sama aldri. Komu punktar um að þjóða einnig upp á þá viðburði sem við erum að halda úti á landi. Kynna umhverfisverkefni og önnur verkefni.

### Félagaráð

Almennt líst fólki vel á matskerfið og finnst að sú vinna eigi að halda áfram. Þau félög sem hafa fengið heimsókn eru mjög ánægð með vinnuna. Félagaráð ætti að einbeita sér að því að klára núverandi verkefni tengd sjálfsmatinu og stuðningsefni. Foringjar sem eru búnir að fara á innleiðingarnámsskeið og Gilwell eru samt að hökta í dagskránni. Það vantar framhaldsstuðning. Óskað eftir einhverjum vettvangi þar sem allir í stjórn gætu hist, ekki bara félagsforingjarnir heldur allir úr stjórninni. Langar að tala við aðra í sömu hlutverkum í stjórnunum og deila reynslu og góðum ráðum.

### Fjármálaráð

Spurt um WSM og hvað það „tekur“ af fjármunum BÍS. Spurt um ýmislegt sem tengist SSR, styrkumsóknum, skátamálum, sértækum verkefnum ofl. Einnig spurt um dótturfélögin og skipulag þeirrar uppstokkunar.

### Rekstur félaga

Hvernig BÍS getur stutt við fjárlagagerðina. Styrkpælingar ofl. Fæst fjárlag er fjárhagsáætlun.

## Ungmennaráð

Samræma viðburði í sambandi við rekka og róverhópa. Rekkaskátaviðburðir eru 1 sinni í mánuði- á meðan það sé 1 viðburður á önn hjá Róverskátum. Getur jafnvel verið fyrir báða hópana á einhverjum viðburðum. Við getum líka gert þetta svoltið sjálf – hvetja hvort annað, nota fbook meira til að láta vita með óformlega hittinga. Meir upplýsingaflæði á milli RR skátanna. RUS – sé 2x á ári. Fara yfir hegðun á ungmennapingi – klapp, siðir og venjur. Ungmennaping stækki og verði yfir helgi, þannig að hægt væri að renna yfir stöðu mála- setja skýra stefnu. Það er hægt að hafa samband niður á BÍS og fá aðstoð við einhverja atburði.

## Opið umræðuefni

Tíminn nýttur í leiki og pepphópurinn var öflugur.

## Umbun foringja

Almennt er reglan sú að foringjar fá ekki greitt í peningum. Þeir fá gjafir – oft tengt útiveru og starfinu. Almennt leggja foringjar mikið upp úr peppi, samveru og gleði. Félögin leggja mismikið í foringjana, fer eftir því hvað þeir hafa milli handanna. Skátaandinn skein í gegnum alla umræðu. Frekar að fjárfesta í samveru og teyminu, fjárfesta í helgi saman. Minni félög vilja gjarnan deila hugmyndum um ódýrar lausnir í peppi, samveru og umbun foringja.

## Búninga- og merkjamál

Ýmsar tillögur og umræður. Reyna að hafa búninginn ódýran til að koma í veg fyrir mismunun en samt áhugi á því að hafa skyrtna frekar vandaða og endingargóða frekar en óvandaða og ódýra. Flestir almennt ánægðir með gömlu skyrtna. Vilja miða við dróttskáta fyrir hátíðarbúning. Vilja að takmarka eigi „glingur merki“ á búningnum. Reglurnar um hátíðarbúning eiga að vera stífari en um aðra búninga. Dreka- og fálkaskátar þurfa að eiga aðgang að „fallegum“ búningi. Þurfum að nota glaðlega liti. Útbúa flottar húfur til þess að skátar þekkist útivið.

Margir spá í að fá spæla, vasar – fleiri eða færri. Spurning um svarta eða hvíta hanska, dökkar buxur og skó. Sumir vilja að yngri börn geti fengið skyrtnu ef þau óska þess. Hvort það þurfi að vera inni að hátíðarbúningar séu skilgreindir með skyrtnu eða boli.

## Tíðni landsmóta

Almennt talað um að 4 ár er of mikið, 2-3 ár virðist vera málið með stórmót. Raða þessu Jamboree – landsmót – Jamboree þannig að það eru tvö ár á milli stjórnmóta. 2 ár eru of stutt á milli því það gefur félögum ekki sjéns á að skipuleggja eigin ferðir. Preyta og skortur á fullorðnum sjálfboðaliðum kemur niður á gæðum og álagi landsmóta ef það hittir á sama tíma og aðrir stórviðburðir (eins og Moot). Þarf að passa að gleyma ekki yngri skátunum þegar mót eru. Næsta landsmót væri gott að halda 2021 – 2020 – mismunandi niðurstöður eftir hópum. Þetta er meira foringja- og sjálfboaliðamál en skátamál – skátar vilja alltaf fara á mót.

Í hinum hópnum virtist almennt vera áhugi á landsmóti á 2ja-3ja ára fresti. Á 3ja ára fresti passar við skátadagskrána okkar. Það kom sterkt fram að formið ætti alltaf að endurskoða eftir hvert mót, innihald, tímalengd og umgjörð. Styttra mót – meiri tíðni. Lengri mót – lengra á milli móta.

### **World Scout Moot**

Í þessum umræðuhópi var farið yfir hvernig WSM gengur fyrir sig og var hugur og spenningur í þátttakendum umræðuhópsins. Aðallega verið að fræða fólk um WSM og tilhögun mótsins. Hvað þýðir það fyrir skátana og skátafélögin.

### **Heiðursmerki – hverjir fá og hvers vegna**

Verðlaust glingur – þarf skýrari ramma, er það undir félögum komið, viðurkenning eða er þetta bara til einskis. Fer eftir félögum hver fær merki. Sumir fá heiðursmerki fyrir sama starf og aðrir fá ekki neitt. Tilnefningar til merkja- sbr. Ssr. Félagsforingjar geta sent inn tilnefningar á einstaklinga. Þarf að setja reglugerð og skýran ramma utan um merkjaafhendingar, ártalamerkin – er þau fyrir foringja í starfi eða er verið að tala um skáta í byrjun starfs.

Spurning um að taka út úr kerfinu hverjir hafa verið í starfi í þessi ár sem gefa merki. Forsetamerki- hafa fasta dagsetningu á umsóknardegi – þannig að hægt sé að festa það í dagatalinu.

### **Skátagöngur: sumardagurinn fyrsti**

Messa, finnst þetta vera neyða skáta í messu, fáir mæta í messuna og kostnaðurinn mikill.

### **Bréfdúfur í skátastarfi**

Ólafur Hammer fór yfir það hvernig hann hefur ræktað dúfur sér til gamans. Ólafur kom með þá hugmynd að skátafélög gætu komið að jarðarförum með því að rækta hvítar dúfur og sleppa þeim yfir gröf. Táknrænt um að sálin sé þá flogin burt. Dúfurnar fljúga heim til ræktanda og hægt að selja þær svo aftur. Gaman fyrir krakka að hafa dúfur að annast. Ath. hvort skátafélögin geti haft dúfur. Ólafur tekur á móti leikskólabornum að sjá dúfurnar sínar og er tilbúinn að taka á móti öðrum hópum.

### **Eftir að fá punkta fundarritara hópa um þessi umræðuefni:**

#### **Bland í poka og Startup!**

Of snemmt í ágúst, í september virðist henta betur. Rætt um aldur, allir sammála að 18 ár er aldurstakmark. Bland í poka er félagslegt fyrir fullorðna skáta. Bland í poka væri föstudag og laugardag og svo boðið upp á Startup! á sunnudeginum.

#### **Fræðsluráð**

ein sessjon, blandaður hópur. Rætt um fræðslu og fjölgun fullorðinna sjálfboðaliða. Bandalagið og felögin þurfa að taka sig á til að fjölga fullorðnum í skátastarfi. Góður mórall og líflegar hugmyndir. Fólk vill fá fræðslu. Taka foreldra inn og bjóða þeim fræðsluog virkja í starfi.

## Upplýsingaráð

Umræðan fór í kynningarvikunaog gefa dæmi um hvað hægt er að gera. Annar raunveruleiki í höfðuborginni en úti á landi. Fólk talar um visnúning og miklar bætur ás tarfi sl. 2-3 ár. Félögin vilja gjarnan vita hvað önnur félög eru að gera til að fá hugmyndir um kynningarviku. Sumir nota bæjarhátíðir (t.d. Ljósanótt hjá Heiðabúum). Mikið spurt um fjölmiðla og ábyrgð okkar og hver sér um hva. Fólk saknar þess að fá ekki meiri fjölmiðlaumfjöllun, sérstaklega í kringum landsmót og skátamót almennt.

## Skátaheit

Ákveðin pirringur í hópnum í upphafi en umræðan mildaðist þegar á leið fundinn. Stjórn tekur ekki neinar ákvarðanir án þess að vera í samstarfi og samráði við Skátaþing. Það þarf 2/3 af tveimur Skátaþingum til að breyta skátaheitinu. Vinnuhópur verður skipaður til að skoða málið.

## Endurmat um Skátaþing:

1. fá glæsur í hús amk sólarhring fyrir skátaþing. Setja skýra deadline og standa við það.
2. Skátaþing byrji fyrr á föstudegi
3. Of mörg slott – mátt vera einu færri  
Hafa slottin færri og etv aðeins engri – sum efni mættu t.d. vera tvær málstofur, öðrum dugar einn tími. Etv. skilgreina betur hvað við viljum fá út úr umræðunni í hverri málstofu.
4. Eitt slott gæti verið „exhibition“ – gera markaðssvæði.
5. Það þarf að skilgreina betur hvað ráðin gera og kynna betur fyrirfram.
6. Samantekt á umræðum í slottum ætti að koma í lok þings
7. Hópstjórar – ef stjórnarmenn erum með umræðuhóp í eigin málaflokki þá að skipa annan hópstjóra til að gæta hlutleysis
8. Ákveða línu varðandi heiðursmerki – t.d. stjórnarmenn hvort eigi að heiðra þá, hafa samræmi á milli hverjir fá og hverjir ekki. JA haldi saman lista.
9. Þeir sem falla frá á árinu, t.d. Hörður Zoph. Lagður fram listi yfir látna á árinu jafnóðum. JA haldi saman lista.
10. Fá fleira fólk úr samfélaginu í upphafi þings
11. Gefa fólk tækifæri/tíma til að skoða tillögur og ályktanir, ekki keyra beint í atkvæðagreiðslu
12. Þrjú félög mættu á föstudegi en ekki á laugardegi.
13. Þarf að kynna betur og nákvæmar starfsáætlunarplaggið. Etv. dreifa þessu á alla svo fólk nái að kynna sér það betur.
14. Festa betur í sessi hvað stjórnarmeðlimir eiga að gera hvenær. Senda út fundarboð á verðandi stjórn FYRIR skátaþing og um leið og fólk er kosið eða sjálfkjörið í stjórn og líka með nýliðakynninguna þannig að fólk hafi meiri fyrirvara á þessu en tvo daga.
15. Endurskoða kynningu á frambjóðendum. Setja nokkrar setningar um hvern og einn.

Stjórn þakkar starfsfólki kærlega fyrir mjög gott þing, allt gekk upp. Mál seldu og  
þakkað mjög gott þing, aðstaða og móttökur voru til fyrirmyndar. Sigurði  
fundarstjóra og Þóru fundarritara voru líka þökkuð mjög vel unnin störf.  
Það var góður andi á þinginu, hugur í fólki og mikið af ungu fólki.